

**Ed.**

## 157. Frumvarp til laga

um einkaleyfi til að vinna þilborð o. fl. úr íslenskum jarðvegsefnum.

Flm.: Einar Arnason, Bernh. Stefánsson.

### 1. gr.

Frá gildistöku laga þessara veitist Kaupfélagi Eyfirðinga á Akureyri einkaleyfi um næstu 20 ár til þess að vinna þilborð, byggingarpappa og sellulose úr íslenskum jarðvegsefnum.

Einkaleyfi þetta getur Kaupfélag Eyfirðinga framselt til félags, sem stofnað kann að verða fyrir tilhlutun þess, í þeim tilgangi að hagnýta einkaleyfið.

### 2. gr.

Meðan leyfistíminn stendur, er öllum óheimilt að nema jarðvegsefni hér á landi í þeim tilgangi að vinna úr þeim til sölu framleiðsluvörur þær, sem 1. gr. ræðir um. Brot gegn þessu ákvæði varða sektum frá 500—20000 kr., er renna í ríkissjóð.

### 3. gr.

Hafi sérleyfishafi ekki notfært sér leyfið að verulegu leyti innan 3 ára, er atvinnumálaráðherra heimilt að svipta hann sérleyfinu.

## Greinargerð.

Kaupfélag Eyfirðinga hefir á undanförunum 2 árum látið gera allviðtækar tilraunir utanlands til þess að komast að raun um, hvort hægt sé að gera þilborð úr íslenskum jarðvegsefnum, einkum reiðingstorfi. Virðast þær tilraunir, sem þegar hafa verið gerðar, benda ótvírætt í þá átt, að úr þessu efni megi vinna þilborð, sem vel séu nothæf til húsaþbygginga, í stað útlendra byggingarefna, sem nú eru flutt inn í stórum stíl, svo sem panel, masonit o. fl. Sömu leyfiðis pappa til bygginga, og sellulose. Tilraunirnar benda og til þess, að slík framleiðsla hér á landi mundi vel geta svarað kostnaði.

En þótt allmiklu fé hafi þegar verið kostað til þessara tilrauna, verður enn að kosta miklu til lokatilrauna þeirra, sem gera þarf til þess að fá fyllilega úr því skorið, hvort gerlegt er að leggja fé til stofnunar slíkur verksmiðjurekstri, enda er þar um mikið fé að ræða, því að stofnkostnaður hlyti að verða allmikill. Er því augljóst, að félagið getur ekki haldið áfram að leggja fé í þessar tilraunir, og allra sízt ráðizt í að koma upp verksmiðju til vinnslunnar, nema tryggt sé, að ný fyrirtæki á sama sviði geti ekki tekið upp samkeppni þegar á fyrstu árum eftir stofnun fyrirtækisins. Þess vegna er hér farið fram á, að félaginu verði veitt einkaleyfi um 20 ára bil.

Í einkaleyfislögum, hliðstæðum þessum, hefir að visu stundum verið ákveðinn styttri leyfistími en 20 ár, venjulega 5—10 ár, sbr. t. d. l. nr. 95 1935. En þar hefir þá verið um að ræða fyrirtæki, sem hvorki útheimti mikið fé til undirbúningstilrauna, né heldur stórvægilegan stofnkostnað, eins og verða mundi í þessu tilfalli. Hér er því sérstök ástæða til að hafa einkaleyfistímann nokkuð riflegan, til þess að leyfishafi geti talið sér óhætt að leggja fram nauðsynlegan stofnkostnað. Af sömu ástæðum, og sérstaklega með tilliti til þess, að undirbúningstilraunum er enn ekki lokið, telur félagið sér heldur ekki nægja minna en 3 ár til þess að koma fyrirtækinu í framkvæmd.

Hámark sektarákvæða fyrir brot á einkaleyfinu er hér ákveðið hærra en venjulega hefir verið gert í hliðstæðum einkaleyfislögum. Stendur það í sambandi við hinn mikla stofnkostnað, sem þessi starfræksla útheimtir, en af því leiðir, að brot á einkaréttinum yrði að teljast alvarlegra en þar sem aðeins er um smærri atvinnurekstur að ræða.

Til meðmæla með frumvarpi þessu má að öðru leyti benda á það tvennt, fyrst og fremst að hér er um að ræða framleiðslu, sem frá þjóðhagsfræðilegu sjónarmiði gæti orðið afarþýðingarmikil, ef svo reynist, að hér yrði fundin leið til þess að bæta úr hinum tilfinnanlega skorti á innlendum byggingarefnum, sem hér á sér stað, og í öðru lagi hitt, að þar sem ekki er vitað, að neinn annar en Kaupfélag Eyfirðinga hafi haft með höndum tilraunir í líka átt og hér er um að ræða, virðist félagið eiga sanngirniskröfu til þess, að löggjöfin veiti því þann stuðning, sem nauðsynlegur er, til þess að mál þetta verði fullrannsakað og því komið í framkvæmd, ef lokatilraunir bera þann árangur, sem nú er búizt við, að slík framleiðsla hér geti orðið sett á stofn á fjárhagslega heilbrigðum grundvelli.